

105. fundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis.

Haldinn 5. desember 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Eiríkur Aðalsteins og Auður Inga. Fjarverandi Páll og Einar Gauti.

1. Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar

Formaður skelkti sér á kynningarfund um fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar og var örlítið hissa hversu fáir voru á fundinum og örfáir íbúar. Hverfisnefnd vill hrósa þessari breytingu hjá bænum, þ.e. að halda þennan fund. Hann var forvitnilegur og hraður. Formaður kynnti fyrir hverfisnefndinni helstu upplýsingar af fundinum og næst ætla allir hverfisnefndarmenn að mæta á fundinn hjá bænum.

2. Hjartastuðtæki í Glerárlaug.

Vakin var athygli hverfisnefndar að stelpurnar hjá Slysavarnarfélaginu voru svo rausnarlegar að afhenda 2 hjartastuðtæki og fór annað þeirra í Íþróttahöllina og hitt í Íþróttamiðstöð Glerárskóla. Við þökkum það að sjálfsögðu.

3. Aðalskipulag 2018 – 2030

Á facebook síðu hverfisnefndar voru settar inn þær dagsetningar sem Akureyrarbær hefur gefið út að kynningarfundir verða um skipulagið. 7. des, 14. des og 4. janúar 2018. Við höfum hvatt bæjarbúa til að koma og einhver úr hverfisnefnd mun mæta fyrir hönd nefndarinnar á fundina. Athugasemdarfrestur rennur út 12. janúar 2018 og mun hverfisnefnd senda inn athugasemd vegna breytingar á að skrá svæði við enda skólalóðar Glerárskóla sem byggingarsvæði.

4. Íbúar hverfisins

Athygli hverfisnefndar var vakin á því að Akureyrarbær hugðist ráðstafa eign sinni að Höfðahlíð 2 þannig að hverfisbúar hafi af því áhyggur. Í kjölfarið var haldinn fundur þann 24. nóvember með nokkrum íbúum þar sem málið var kynnt okkur.

Út frá þeim fundi sendi hverfisnefnd frá sér bréf dagssett 27. nóvember 2017 til bæjarstjóra Akureyrarbæjar þar sem óskað var eftir að Akureyrarbær ráðstafi eigninni á annan hátt.

Samrit fékk búsetudeild, skóladeild, fjölskyldusvið, Glerárskóli og lögreglan á Akureyri. Ekki hefur hverfisnefnd fengið svar við bréfi sínu frá bæjarstjóra. Heyrst hefur af götunni að eigninni hafi verið ráðstafað á annan hátt. Þetta mál tengist fíkniefnamálum á Akureyri og vanda þeirra sem tengjast þeim.

Hverfisnefnd hafði samband við aðrar hverfisnefndir á Akureyri og muna þær funda um þessi málefni á nýju ári. Eiga hverfisnefndir fund með Eiríki bæjarstjóra þann 8. janúar 2018 kl.11:00 þar sem þetta málefni verða rædd.

5. Skólaráðsfundur

Þann 28. nóvember var haldinn fundur hjá skólaráði Glerárskóla þar sem bréf hverfisnefndar var rætt og var mikið rætt um fíkniefnavandann almennt á Akureyri. Þar kom fram að fíkniefni hafa verið seld við skólann og að umferð eykst um helgar við skólalóðina hvort sem það tengist þessu máli eða ekki.

Næsti fundur 28. desember 2017 til að ræða skipulagslýsingu Holtahverfi Norður og Aðalskipulag 2015-2030.

Berglind Rafnsdóttir, ritari.